

## Ársskýrsla Sameinaða Lífeyrissjóðsins 2010





## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnar og framkvæmdastjóra .....	4
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	6
Lífeyrisgreiðslur .....	6
Lögjöld .....	7
Rekstur og rekstrarkostnaður .....	7
Fjármunatekjur og ávöxtun .....	7
Tryggingafræðileg athugun .....	8
Efnahagur og verðbréfaeign .....	8
<i>Eignasamsetning 31. 12. 2010</i> .....	8
Fjárfestingar .....	9
<i>Yfirlit um innlenda verðbréfaeign – skráð í íslenskum krónum</i> .....	10
<i>Yfirlit um erlenda verðbréfaeign – skráð í erlendri mynt</i> .....	10
<i>Fjárfestingarstefna sjóðsins á árinu 2010 og rauntölur 31. 12. 2010</i> .....	11
<i>Þróun eignasamsetningar 2002–2010</i> .....	11
Séreignardeild .....	11
Lán til sjóðfélaga .....	12
Breytingar á samþykktum á ársfundi 2010 .....	12
Endurskoðunarnefnd .....	12
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins .....	13
Starfsfólk Sameinaða lífeyrissjóðsins .....	13
Ársreikningur 2010 .....	14
Skýrsla stjórnar .....	15
Áritun endurskoðenda .....	16
Áritun tryggingastærðfræðings .....	17
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	18
Efnahagsreikningur .....	19
Sjóðstreymi .....	20
Skýringar .....	21
Kennitölur .....	27
Ársreikningur deilda .....	28
Annual Accounts 2010 .....	32

## Ávarp stjórnar og framkvæmdastjóra

Jákvæður viðsnúningur varð í rekstri Sameinaða lífeyrissjóðsins á árinu 2010. Hefur ávöxtun sjóðsins ekki verið jafngóð undanfarin fjögur ár eða frá því að alþjóðlega fjármálakreppan hófst haustið 2007. Frá falli viðskiptabankanna hefur kerfisbundið verið farið í gegnum eignasafn sjóðsins og verulega hefur dregið úr óvissu um endanlegt verðmæti eigna. Mesta óvissan er um uppgjör á framvirkum gjaldeyrissamningum sem sjóðurinn gerði við hina föllnu banka en á árinu náðist ekki samkomulag við skilaneindir þrotabúa bankanna um uppgjör. Í ársreikningi eru færðir til skuldar 3,4 milljarðar króna vegna samninganna þar sem miðað er við uppgjör á gengi krónunnar eins og það stóð við fall viðskiptabankanna, ásamt áföllnum vöxtum frá þeim tíma. Yfirgnæfandi líkur eru á að þessi ágreiningur verði leystur fyrir dómstólum.

Ávöxtun innlendra verðbréfa gekk vel á árinu 2010 bæði hvað varðar innlend hlutabréf og ríkisskuldabréf. Stýrivextir Seðlabanka Íslands lækkuðu töluvert á árinu, eða úr 10% í 4,5% í árslok, sem leiddi til áframhaldandi lækkunar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa. Öfugt samband er milli ávöxtunarkröfu og verðs skuldabréfa sem lýsir sér í því að þegar ávöxtunarkrafa skuldabréfa lækkar þá hækkar verð þeirra. Samkvæmt uppgjörsgæslum sjóðsins eru bréfin skráð í bókhald hans á þeirri ávöxtunarkröfu sem var þegar bréfin voru keypt. Vegna þessa er einungis lítill hluti af skuldabréfahagnaði ársins færður inn í ávöxtun sjóðsins. Innlend hlutabréf eru hins vegar færð á markaðsverði.

Þrátt fyrir að íslenska hagkerfið hafi dregist saman um 3,5% á árinu 2010 var árið að mörgu leyti hagstætt í alþjóðlegu efnahagslífi og á erlendum verðbréfamörkuðum. Hagvöxtur í heiminum var um 5% sem þykir ágætt í sögulegu samhengi. Hagvextinum var nokkuð misskipt á milli efnahagssvæða en í langstærsta hagkerfi heims, Bandaríkjunum, var hann um 3%. Hagvöxtur í Japan var ágætur en í Evrópu var hann um 2% og munar þar mest um góða stöðu þýska hagkerfisins. Enn og aftur var mestur hagvöxtur í svokölluðum nýmarkaðslöndum. Kína var þar í fararbroddi með um 10% hagvöxt og náðist því markmið þarlendrar stjórnvalda um a.m.k. átta prósent hagvöxt enn eitt árið. Hagvöxtur í öðrum nýmarkaðslöndum var einnig mikill og nægir þar að nefna Brasilíu, Indland, Mexíkó og Rússland.

Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 9,6%, mælt í Bandaríkjadöllum, þrátt fyrir að sveiflur hafi verið nokkrar á mörkuðum vegna mikils atvinnuleysis í Bandaríkjunum og skuldavanda nokkurra Evrópuríkja. Styrking íslensku krónunnar var tæp 11% á árinu sem leiddi til þess að erlend hlutabréf skiluðu neikvæðri raunávöxtun, mælt í íslenskum krónum.

Tæplega 30% af eignum sjóðsins eru fjárfestar á erlendum mörkuðum en vegna gjaldeyrishafta er aðaláherslan á að finna fjárfestingarkosti á Íslandi, en þeim fer ört fækkandi. Hið jákvæða er að í hruninu voru um 10% af eignum sjóðsins

í lausu fé sem var að mestu fjárfest í ríkisskuldabréfum á hagstæðri ávöxtunarkröfu á árinu 2009. Laust fé sjóðsins er því lítið um þessar mundir sem gerir það að verkum að ekki er mikill þrýstingur á að finna nýja fjárfestingarkosti.

Hrein eign sjóðsins jókst um rúma 6 milljarða króna á árinu og var 105,4 milljarðar króna í lok ársins. Nafnávöxtun tryggingadeildar sjóðsins var 4,6% á árinu 2010, sem jafngildir 2% raunávöxtun. Ávöxtun í séreignardeild sjóðsins var ágæt á árinu og eign deildarinnar hækkaði um 362 milljónir króna þrátt fyrir útgreiðslur upp á 437 milljónir króna. Árleg raunávöxtun tryggingadeildar sjóðsins, frá stofnun hans árið 1992, hefur verið að meðaltali 3,5%. Það er sama raunávöxtun og sjóðurinn þarf til að standa við skuldbindingar sínar til lengri tíma, miðað við að ekki verði breyting á tryggingafræðilegum þáttum á borð við örorkutíðni og lífaldur.

Á árinu 2010 náðist samkomulag milli lífeyrissjóðanna um kaup á íbúðabréfum sem áður voru í eigu Avens, félags í eigu Landsbankans. Kjörin voru lífeyrissjóðnum mjög hagstæð og bæta tryggingafræðilega stöðu hans en á móti lækkar hlutur erlendra eigna sjóðsins þar sem greitt var fyrir bréfin í erlendri mynt. Stærsti einstaki eignaflokkur lífeyrissjóðsins er íbúðabréf, eða rúmur fjórðungur, og að viðbættum skuldabréfum ríkis eða með ábyrgð þess nema ríkistryggðar eignir sjóðsins um 40% af heildareignum.

Stjórn sjóðsins samþykkti á árinu að undirrita samkomulag um nánari útfærslu aðgerða í þágu yfirveðsettra heimila í samræmi við viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og lánveitenda, frá 3. desember 2009. Heimilum þar sem áhvilandi veðskuldir eru umfram 110% af verðmæti fasteignar, býðst að færa veðskuldir sínar niður að 110% af verðmæti eigna. Það er skilyrði niðurfellingar skulda að umsækjandi og/eða maki hans, eftir því sem við á, séu eigendur hinna veðsettu eigna og greiðendur áhvilandi lána og að eignin sé notuð til heimilishalds umsækjanda.

Í nóvember stóð stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir fjölmönnum kynningarfundum fyrir sjóðfélaga um Framtakssjóð Íslands. Farið var yfir stofnun sjóðsins, áætlaða stærð hans, starfstíma, áætlaða arðsemi og almenna umgjörð starfseminnar. Fjallað var um fjárfestingar Framtakssjóðsins og þá gagnrýni sem komið hefur fram á frumkvæði lífeyrissjóðanna að stofnun Framtakssjóðsins. Minnt var á að lífeyrissjóðir hafa fjárfest í atvinnulífi hér á landi í áratugi. Því væri það engin nýlunda að lífeyrissjóðir kæmu að slíkum fjárfestingum en hins vegar hefðu sjóðirnir tekið ákveðið frumkvæði í endurreisn atvinnulífsins með stofnun sjóðsins. Með því hefðu lífeyrissjóðirnir jafnframt haft bein áhrif á að móta reglur sem m.a. lúta að stjórnunarlegum og viðskiptalegum gildum við rekstur fyrirtækjanna sem Framtakssjóðurinn kemur að. Loks var áréttað að augljóslega þyrfti að fjárfesta í fyrirtækjum í samkeppnisrekstri enda væri það undirstaða heilbrigðs atvinnulífs.



Með breytingu á lögum var tímabundin heimild til fyrirframgreiðslu á séreignarsparnaði sem veitt var á árinu 2009 framlengd til 1. apríl 2011. Jafnframt var hámarksfjárhæð útgreiðslu til einstakra rétthafa hækkuð úr 1 milljón króna í 2,5 milljónir króna frá 1. janúar 2010. Á árinu voru greiddar um 320 milljónir króna til rétthafa sem nýttu sér heimildina, sem samsvarar um 7% af heildareignum rétthafa séreignardeildar sjóðsins. Það er ánægjulegt að þrátt fyrir að margir rétthafar hafi nýtt sér heimildina og gengið á séreign sína hafa langflestir haldið séreignarsparnaðinum áfram. Það er skýr vísbending um ágæti þeirrar leiðar sem valin var með lagasetningunni 1997 um viðbótarlífeyrissparnað og um kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins sem kveða á um 2% mótframlag atvinnurekenda í séreign.

Ráðgjafastarf endurhæfingarsjóðsins VIRK hefur eflst jafnt og þétt frá upphafi starfseminnar árið 2009 og hafa tæplega 1700 einstaklingar fengið þjónustu af einhverju tagi hjá VIRK á þessum tíma. Meginverkefni VIRK er að veita þjónustu og ráðgjöf til einstaklinga með skerta starfshæfni vegna veikinda eða slysa í því augnamiði að auka starfsgetu og lífsgæði. Um 400 manns hafa lokið starfsendurhæfingu hjá VIRK með þeim ágæta árangri að um 70% þeirra eru í launaðri vinnu, virkri atvinnuleit eða lánshæfu námi. Ráðgjafar VIRK starfa við hlið sjúkrasjóða stéttarfélaganna og eru með aðsetur víða um land. Á höfuðborgarsvæðinu er aðsetur ráðgjafa sem starfa fyrir þau stéttarfélög sem aðild eiga að Sameinaða lífeyrissjóðnum, annars vegar á Stórhöfða 27, en þar sinnir ráðgjafi félagsmönnum Félags vélstjóra- og málmæknimanna, og hins vegar á Þjónustuskrifstofu iðnfélaga í Borgartúni 30 fyrir önnur aðildarfélög sjóðsins.





Sjóðurinn tók þátt í viðræðum lífeyrissjóðanna við stjórnvöld um aðkomu að tilteknum framkvæmdum í vegagerð í samræmi við stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka á vinnumarkaði og í atvinnulífinu frá 25. júní 2009. Eftir ítarlegar viðræður var ljóst að ekki væri flötur á aðkomu lífeyrissjóðanna að verkefninu.

Nefnd, sem Landsamtök lífeyrissjóða skipuðu til að fjalla um hvað „lífeyrissjóðir gætu lært af þeim fjárhagslegu áföllum sem dunið hafa yfir íslenskt þjóðfélag, allt frá hruni viðskiptabankanna þriggja í byrjun október 2008“, skilaði af sér skýrslu á árinu. Þar kemur m.a. fram að lífeyrissjóðir eigi að gera strangari kröfur til útgefenda verðbréfa, miðlara, Kauphallar og eignastýringaraðila og gæta hagsmuna sinna með virkari og fjölbreyttari hætti hér eftir en hingað til. Lagt er til að við hverja skuldabréfaútgáfu verði skipaður fulltrúi kröfuhafa að erlendra fyrirmynd (bondholder agent) til að gæta hagsmuna þeirra. Einnig að í hlutafélagaskrá liggja alltaf ljóst fyrir hverjir séu stærstu hluthafar í félögum og hvernig þeir kunni að tengjast, ef samanlögð eign þessara hluthafa fer yfir 5%. Þá er lagt til að lífeyrissjóðirnir láti meira til sín taka í umræðu og gagnrýni, opinberlega og á aðalfundum og hluthafafundum. Auka þarf samstarf lífeyrissjóða og sameiginlegt frumkvæði á vettvangi Landsamtaka lífeyrissjóða til að knýja á um úrbætur á öðrum sviðum fjármagnsmarkaðar og efnahagslífs og birta Alþingi, ráðuneytum, eftirlitsstofnunum og Kauphöll tillögur samtakanna um úrbætur, sem meðal annars byggjast á árangursríkum viðskiptavenjum erlendis.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir sjóðsins á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2010 var neikvæð um 5,9%, sem er betri staða en árið áður og innan þeirra heimilda sem lög leyfa án þess að gripa þurfi til réttindabreytinga. Í ljósi jákvæðrar þróunar í rekstri sjóðsins á síðasta ári eru ekki tilefni til endurskoðunar á lífeyrisréttindum á ársfundi 2011, að mati stjórnar sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri þakka starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og atvinnurekendum, sem greiða til sjóðsins, fyrir ánægjulegt samstarf á árinu 2010 og vænta þess að samskiptin verði áfram góð og gefandi.




## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra



### LÍFEYRISGREIÐSLUR

Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins á árinu 2010 námu 3.114 millj. kr. og hækkuðu um 1,7% frá árinu áður. Lífeyrisgreiðslur fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar en vísitalan hækkaði um 7,5% frá miðju ári 2009 til sama tíma á árinu 2010. Fjölgun lífeyrisþega á árinu skýrir einnig hluta hækunarinnar. Á móti vegur að lífeyrisgreiðslur lækkuðu um 3,5% frá 1. júlí 2010 og aftur

um 3,5% frá 1. desember 2010 í samræmi við ákvörðun ársfundar. Skipting lífeyrisþeganna er þannig að í árslok 2010 fengu 3.049 greiddan ellilífeyri, 1.171 fengu greiddan makalífeyri og 772 fengu greiddan örorkulífeyri. Greiddur var barnalífeyrir vegna 175 barna. Meðalaldur ellilífeyrisþega í árslok 2010 var 75,4 ár, meðalaldur örorkulífeyrisþega var 55,3 ár og meðalaldur makalífeyrisþega var 75,3 ár í árslok.



## IÐGJÖLD

Bókfærðar iðgjaldatekjur í tryggingadeild árið 2010 námu 4.544 millj. kr. á móti 4.664 millj. kr. árið 2009 og lækkuðu um 2,6% milli ára. Þar af nam framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði 102 milljónum króna á árinu. Á árinu 2010 greiddu 9.886 sjóðfélagar til tryggingadeildar sjóðsins á móti 10.550 árið áður. Í árslok áttu 37.516 sjóðfélagar sem ekki eru farnir að fá greiddan lifeyri réttindi í tryggingadeild. Meðalaldur virkra sjóðfélaga í tryggingadeild sem ekki eru farnir að taka lifeyri er 43,4 ár en var 42,7 árið áður.


## REKSTUR OG REKSTRARKOSTNAÐUR

Rekstrarkostnaður sjóðsins skiptist í fjárfestingargjöld, sem er kostnaður við ávöxtun sjóðsins, og rekstrarkostnað, sem til fellur við annan rekstur sjóðsins. Samtals nam þessi kostnaður 264 millj. kr. á móti 251,1 millj. króna árið áður sem er um 5,2% hækkun milli ára. Vísitala neysluverðs hækkaði hins vegar um 4,8% frá miðju ári 2009 til sama tíma árið 2010.

## FJÁRMUNATEKJUR OG ÁVÖXTUN

Fjárfestingartekjur sjóðsins voru 5.132 millj. kr. en voru 7.178 millj. kr. árið áður. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þar sem rekstrar- og fjárfestingargjöld eru dregin frá fjármunatekjum, var 2% á móti -1,4% árið áður. Raunávöxtun innlendra skuldabréfa sjóðsins var 3,5% á móti því að vera neikvæð um 1,9% árið áður. Er þá tekið tillit til viðbótar varúðarniðurfærslu að upphæð 1.400 milljónir króna.

Eftir fall viðskiptabankanna í október 2008 eru fá fyrirtæki eftir skráð í Kauphöll þótt líkur séu á að þeim fjölgi á næstu misserum. Staða sjóðsins í innlendum hlutabréfum jókst lítillega á árinu og var eign sjóðsins í innlendum hlutabréfum 5,4% í árslok 2010. Úrvalsvisitala Kauphallar Íslands hækkaði um 14,6% á árinu 2010 en á sama tíma hækkuðu innlend skráð hlutabréf sjóðsins í Kauphöll Íslands um 39,8%. Gengi íslensku krónunnar styrktist um 10,6% á árinu 2010. Yfir árið í heild hækkaði heimsvisitala hlutabréfa, MSCI um 9,6% mælt í bandarískum dollar en reiknað yfir í íslenskar krónur hækkaði vísitalan um 0,9%. Til samanburðar var ávöxtun skráðra erlendra hlutabréfa 0,1% í íslenskum krónum og erlendra framtakssjóða 3,4% á árinu 2010. Erlendar eignir sjóðsins eru óvarðar fyrir gengissveiflum krónunnar þar sem sjóðnum er ekki kleift að beita gjaldmiðlavörnum vegna gjaldeyrishafta. Gengisbreytingar helstu erlendra gjaldmiðla gagnvart krónu koma því að fullu fram í ávöxtun erlendra eigna sjóðsins. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins frá stofnun er 3,5%.



### TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN


Tryggingafræðileg athugun sýnir að áfallin skuldbinding tryggingadeildar er 115.910 millj. kr. í árslok 2010. Eignir á móti áfallinni skuldbindingu námu 104.787 millj. kr. og eru því áfallnar skuldbindingar umfram eignir 11.123 millj. kr. eða -9,6%. Heildarskuldbinding tryggingadeildar með framtíðariðgjöldum er 173.776 millj. kr. Hrein eign deildarinnar til tryggingafræðilegs mats er 163.444 millj. kr. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru því 10.332 millj. kr. eða -5,9% í hlutfalli af skuldbindingum.

### EFNAHAGUR OG VERÐBRÉFAEIGN

Hrein eign tryggingadeildar til greiðslu lífeyris í árslok nam 100.589 millj. kr. samanborið við 94.745 millj. kr. í árslok 2009 og hækkaði um 5.844 millj. kr. eða um 6,2%. Innlend skuldabréf námu 64,7% verðbréfaeignar, innlend hlutabréf 5,4%, erlend verðbréf 27,3% og innlán 2,6%.

Hlutabréfaeign er færð á markaðsvirði en skuldabréf sjóðsins eru færð til eignar miðað við kaupávöxtunarkröfu.

### Eignasamsetning 31. 12. 2010





## FJÁRFESTINGAR

Fjárfest var alls fyrir 43.570 milljónir króna á árinu fyrir tryggingadeild sjóðsins. Mest var keypt af innlendum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Keypt voru ríkistryggð skuldabréf fyrir 9.678 milljónir króna umfram seld á árinu en innlán sjóðsins hjá fjármálastofnunum lækkuðu um 845 milljónir króna. Fasteignaveðlán jukust á árinu um 1.987 milljónir króna. Takmarkaðir möguleikar voru á viðskiptum með hlutabréf vegna gjaldeyrishafta og mjög lítils innlends hlutabréfamarkaðar, en sjóðurinn keypti þó fyrir 1.590 milljónir króna umfram sölu í innlendum hlutafélögum á árinu. Þar vegur þungt framlag í Framtakssjóð Íslands. Einnig tók sjóðurinn þátt í hlutafjárukningu Nýherja og Icelandair. Vegna svonefndra „Avens“ viðskipta við Seðlabanka Íslands með kaupum á skuldabréfum Íbúðalánasjóðs seldi sjóðurinn erlenda hlutabréfasjóði fyrir 657 milljónir króna umfram keypta og erlenda ríkisvixla og skuldabréfasjóði fyrir 4.138 milljónir króna. Nettó greiðslur í erlenda framtakssjóði námu um 1.593 milljónum króna. Á árinu 2010 voru innkallanir vegna skuldbindinga fyrri ára í framtakssjóði (Private Equity) eftirfarandi: USD 4,4 milljónir, EUR 8,2 milljónir og ISK 593,2 milljónir eða samtals fyrir 2.187 milljónir íslenskra króna.

Gjaldmiðlasamningar frá árinu 2008 voru óuppgjerðir í árslok og ríkir enn óvissa um uppgjör þeirra. Neikvæð staða var á flestum þessara samninga en sjóðurinn hafði gert bönkunum tilboð um að þeir yrðu gerðir upp á gengi sem miðaðist við gengisvísitölu 175. Sjóðurinn gerir ráð fyrir í uppgjöri sínu að nota þau bankaskuldabréf sem hann á til skuldajöfnunar á móti þeim kröfum sem bankarnir kunna að eiga á sjóðinn vegna gjaldmiðlasamninganna. Þegar tekið hefur verið tillit til þess, að viðbættum reiknuðum vöxtum og kostnaði, þá er skuld vegna samninganna upp á 3.410 milljónir króna.

Sjóðurinn varð aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar á árinu 2007 eða um ári eftir að reglurnar voru gefnar út. Með reglunum er lögð áhersla á að hagsmunir fjárfesta og þjóðhagsleg markmið fari vel saman og í þeim er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og félagsleg málefni auk góðra stjórnarháttanna fyrirtækja getur stuðlað að bættum fjárfestingarárangri verðbréfasafna. Fjárvörslufyrirtæki sem sjóðurinn á viðskipti við hafa verið upplýst um aðild hans að reglunum og aðild þeirra og afstaða könnuð. Í lok ársins voru 5 fjárvörslufyrirtæki sem sjóðurinn á viðskipti við aðilar að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar.

## Verðbræfaeign 31. 12. 2010 – í íslenskum krónum

## INNLEND SKULDABRÉF

	millj. kr.
Íbúðabréf	25.449
Ríkisbréf	8.249
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	6.291
<b>Samtals skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs</b>	<b>39.989</b>
Skuldabréf sveitarfélaga	4.965
Skuldabréf fjármála fyrirtækja	259
Veðskuldabréf	15.771
Veðskuldabréfasjóður Virðingar	1.149
<b>Samtals veðskuldabréf</b>	<b>16.920</b>
Höfuðstólstryggð skbr. tengd erl. hlutabréfavitölum	49
Skráð skuldabréf fyrirtækja	2.315
Óskráð skuldabréf fyrirtækja	2.232
<b>Samtals skuldabréf fyrirtækja</b>	<b>4.596</b>
<b>Samtals skuldabréf í íslenskum krónum</b>	<b>66.729</b>

## INNLEND HLUTABRÉF

Skráð hlutabréf – Kauphöll Íslands	millj. kr.
Marel	1.704
Össur	1.490
Century Aluminum Company	176
Föroyja Bank	164
Icelandair	142
Nýherji	75
<b>Samtals</b>	<b>3.751</b>
Óskráð hlutabréf	millj. kr.
Atorka	594
Nýja Eimskip	116
Virðing	97
Rusor ehf	67
Reiknistofa lífeyrissjóða	31
Teymi	7
Bakkavör	6
Önnur óskráð hlutabréf	11
<b>Samtals</b>	<b>929</b>
Framtakssjóðir	millj. kr.
Framtakssjóður Íslands	423
Brú II Venture Capital Fund	244
Auður I	134
Frumtak	62
<b>Samtals</b>	<b>863</b>
<b>Samtals hlutabréf í íslenskum krónum</b>	<b>5.543</b>
Bankainnstæður í íslenskum krónum	2.465
<b>Samtals verðbræfaeign í íslenskum krónum</b>	<b>74.737</b>

## Verðbræfaeign 31. 12. 2010 – í erlendri mynt

## ERLEND SKULDABRÉF

	millj. kr.
Höfuðstólstryggð skuldabréf tengd erl. hlutabréfavitölum	882
Önnur erlend skuldabréf	581
<b>Samtals skuldabréf í erlenri mynt</b>	<b>1.463</b>

## ERLEND HLUTABRÉF

Opnir hlutabréfasjóðir – fjárvörsluaðilar	millj. kr.
Morgan Stanley – Sérgreint safn	2.440
Gartmore	2.400
Janus	2.239
Kaupping Investment Funds	1.990
Franklin Templeton	1.730
Schroder	1.616
State Street	1.600
Vanguard Group	1.240
SPDR S&P 500	704
Alliance Bernstein	661
Sparinvest	425
Aðrir	39
<b>Samtals</b>	<b>17.083</b>

Framtakssjóðir (Private Equity)	millj. kr.
Schroder Private Equity Fund of Funds, II og III	1.660
Partners Group Secondary Fund of Funds 2008	963
LGT – Crown Private Equity Euro Buyout Fund of Funds	934
Partners Group Global Value 2006 Fund of Funds	927
Morgan Stanley Global Distressed Fund of Funds	902
Blackrock – Vesey Street Private Equity Fund of Funds III	890
Morgan Stanley Private Markets Fund IV	524
Morgan Stanley Emerging Private Markets Fund of Funds	491
SVG Diamond Private Equity III Fund of Funds	468
Landsbanki Mezzanine Fund II	429
SVG Asia Fund of Funds	93
Private Opportunity Ventures – Bear Stearns	26
Argnor	1
<b>Samtals</b>	<b>8.308</b>

Vogunarsjóðir (Hedge Funds)	millj. kr.
Morgan Stanley – Premium Partners II	513
LGT – Crown Alpha	343
MAN AHL Diversified	198
<b>Samtals</b>	<b>1.054</b>

Fasteignasjóðir (Real Estate) í erl. mynt	millj. kr.
Alþjóða fasteignasjóðurinn	223

<b>Samtals hlutabréf í erlendri mynt</b>	<b>26.668</b>
--	---------------


Bankainnstæður í erlendri mynt	196
--------------------------------	-----

<b>Samtals verðbræfaeign í erlendri mynt</b>	<b>28.327</b>
--	---------------

### Fjárfestingarstefna sjóðsins á árinu 2010 og rauntölur 31. desember 2010

Innlendar eignir og fjárfestingar	F.f.stefna	Rauntölur
Eign í isl. kr., nettó	55-85%	72,5%
Eign í erlendri mynt, nettó	15-45%	27,5%
<b>Skipting fjárfestinga</b>		
Laust fé	0-15%	2,6%
Skuldabréf	55-85%	66,1%
Þar af innlend	45-85%	64,7%
Þar af erlend	0-10%	1,4%
Hlutabréf	15-45%	31,3%
Þar af innlend	0-5%	5,4%
Þar af erlend	10-45%	25,9%
<b>Skipting innlendra skuldabréfa sem hlutfall af fjárfestingum</b>		
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	25-85%	38,8%
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	0-25%	4,8%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	0-8%	0,25%
Skuldabréf með fasteignatryggingu	5-30%	16,4%
Skuldabréf fyrirtækja	0-15%	4,5%

### Þróun eignasamsetningar 2002-2010



### SÉREIGNARDEILD

Iðgjöld til séreignardeildar, án tillits til réttindaflutnings, lækkuðu um 5,7% milli ára. Tímabundin heimild sem ákveðin var með lögum á árinu 2009 um að veita öllum réttihöfum möguleika á úttekt á séreignarsparnaði sínum var framlengd til 1. apríl 2011. Jafnframt var úttektarheimildin hækkuð úr 1 milljón króna í 2,5 milljónir króna frá 1. janúar 2010. Alls tóku rétthafar út 320 milljónir króna á árinu á grundvelli þessarar heimildar en heildarútgreiðsla séreignarsparnaðar var 437 milljónir króna á árinu. Þrátt fyrir þessar úttektir hafa flestir rétthafar haldið iðgjaldagreiðslum áfram í séreignarsparnað sem varð til þess, ásamt ágætri ávöxtun á árinu, að hrein eign deildarinnar jókst um 8,1% á árinu.

### Séreignarsparnaður 2010

	2010	2009	% breyting í millj. kr.
Iðgjöld, án réttindaflutnings	371	392	-5,7%
Lífeyrisgreiðslur	437	755	-42,1%
þar af vegna sérлага um tímabundna úttekt	320	402	
Hrein eign í árslok	4.825	4.463	8,1%
Fjöldi rétthafa með inneign	9.053	9.236	-2,0%

### Ávöxtunarleiðir

Í aldursleiðum færast iðgjöld rétthafa inn á ákveðna leið eftir aldri við upphaf sparnaðar og síðan færast eignin á milli leiða eftir því sem rétthafinn eldist. Með hækkanði aldri rétthafans minnkar vægi hlutabréfa en vægi skuldabréfa eykst (sjá töflu um eignaskiptingu). Einnig er hægt að velja fasta aldursleið 1, 2, 3 eða 4 og er þá engin breyting með aldri nema rétthafi óski þess skriflega.

Innlánsleið var stofnuð í október 2008 og ávaxtar séreignarsparnað á verðtryggðum og óverðtryggðum innlánsreikningum.

### Ávöxtun séreignarsparnaðarleiða

	Ávöxtun 2010		Meðalraunávöxtun sl. 5 ár
	Nafnávöxtun	Raunávöxtun	
Aldursleið 1	8,3%	5,5%	1,6%
Aldursleið 2	9,8%	7,0%	2,3%
Aldursleið 3	11,2%	8,4%	2,3%
Aldursleið 4	11,7%	8,9%	2,5%
Innlánsleið	8,6%	5,8%	

### Eignaskipting séreignarsparnaðarleiða í árslok 2010

	Aldursleið 1 16-39 ára	Aldursleið 2 40-54 ára	Aldursleið 3 55-64 ára	Aldursleið 4 65 ára +	Innláns- leið
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	35%	49%	61%	70%	
Skuldabréf sveitarfélaga	7%	9%	12%	13%	
Veðskuldabréf	4%	6%	8%	9%	
Önnur skuldabréf	1%	2%	2%	3%	
Innlend hlutabréf	7%	5%	3%		
Erlend hlutabréf	43%	26%	10%		
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3%	3%	4%	5%	100%

## LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA ÁRIÐ 2010

Einungis voru afgreidd 64 ný sjóðfélagalán á árinu og endurspeglar það lítil umsvif á fasteignamarkaðnum frá falli viðskiptabankanna í október 2008. Meðfylgjandi tafla sýnir þróunina sl. 3 ár.

Afgreidd lán	2010	2009	2008
Fjöldi lána	64	76	336
Meðalfjárhæð í millj. kr.	4,8	6,3	6,2
Heildarútlán á árinu í millj. kr.	309	477	2.068

Langflest sjóðfélagalán voru í góðum skilum í lok árs 2010, eða 94,2% lánanna. Hins vegar jukust vanskilin allnokkuð á árinu og voru 1,3% af heildarútlánum í vanskilum í lok ársins. Aukning varð einnig í skilmálabreytingum lána, m.a. með lengingu lánstíma og breytingu úr jöfnum afborgunum í jafnar greiðslur. Þá voru 19 sjóðfélagalán með frestun greiðslna í 6–12 mánuði (frystingu) í lok árs. Undir lok árs fóru fram viðræður milli lífeyrissjóðanna, annarra lánveitenda og ríkisins um leiðir til þess að mæta skuldavanda heimilanna og var undirritað samkomulag í upphafi árs 2011 um 110% aðlögun skulda að verðmæti íbúðarhúsnæðis.

### Lánsupphæð, lánstími og lánakjör

Ekkert hámark er á lánsfjárhæð sem er innan 65% veðmarka. Lágmarkslán er 400.000 kr. og lánstími 5–40 ár. Lánin eru verðtryggð m.v. vísitölu neysluverðs og endurgreiðast með minnst fjórum gjaldþögum á ári. Lánin eru eingöngu veitt gegn veði í eigin íbúðarhúsnæði. Lánsrétt hafa virkir sjóðfélagar, réttthafar séreignardeildar og lífeyrisþegar.

Lántökugjald er 1% og heimilt er að greiða inn á sjóðfélagalán eða greiða að fullu hvenær sem er á lánstímanum án uppgreiðslugjalds.

### Tveir lánaflokkar voru í boði á árinu 2010

- **Fastir verðtryggðir vextir**
  - 4,95%, allt árið
  - Lán eingöngu veitt gegn 1. veðrétti.
- **Almenn sjóðfélagalán með breytilegum vöxtum**
  - 4,95% vextir, janúar–apríl
  - 4,5% vextir, maí–september
  - 4,3% vextir frá 1. október

Lántaki á val um lán með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet).

## BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM Á ÁRSFUNDI 2010

Á ársfundi sjóðsins 27. maí 2010 var samþykkt eftirfarandi breyting á samþykktum sjóðsins:

Lífeyrisréttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega áunnin fyrir lok árs 2009 lækka um 3,5% frá og með 1. júlí 2010 og um 3,5% frá og með 1. desember 2010.

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun Sameinada lífeyrissjóðsins í lok árs 2009 voru skuldbindingar sjóðsins 17,7 milljörðum króna umfram eignir og tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 9,7%.

Við athugunina 2009 voru notaðar íslenskar dánar- og örorkulíkur sem byggja á reynslu árána 2004–2008, en árin áður hafði verið stuðst við tölur fyrir árin 2001–2005. Auknar lífslíkur milli þessara tímabila ollu tæplega 2% lækun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Þá vó þungt að færa þurfti viðbótar varúðarniðurfærslur á skuldabréfaeign sjóðsins á árinu. Það reyndist nauðsynlegt þar sem staða stærstu fyrirtækja á Íslandi, sem skráð voru með skuldabréf í Kauphöll, var enn verri en ætlað var í lok ársins 2008 og voru flest þeirra orðin gjaldþrota eða voru í nauðasamningum í lok ársins. Þannig að þrátt fyrir að árið 2009 hafi að ýmsu leyti verið hagfellt sjóðnum héldu afleiðingar bankahrunsins í október 2008 áfram að hafa töluverð áhrif á afkomu ársins 2009.

Munur milli eignaliða og heildarskuldbindinga lífeyrissjóða má lögum samkvæmt ekki reiknast yfir 10%, mælt sem hlutfall af skuldbindingum. Til bráðabirgða var þessum mörkum þó breytt í 15% fyrir árið 2009. Stjórn sjóðsins taldi þó brýnt að bregðast strax við þessum halla, sem var á áunnum réttindum, og reyna þannig að jafna sem fyrst vægi þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda, en jafnframt að leitast við að milda áhrifin á lífeyrisþega með því að dreifa lækuninni. Með samþykktri breytingu reiknaðist tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 5,5% miðað við 31. 12. 2009.

Þá voru kynntar á ársfundinum breytingar á samþykktum vegna laga nr. 130/2009, sem stjórn sjóðsins hafði ákveðið að setja inn í samþykktirnar í samræmi við heimild sem kveðið er á um í 31.4. grein samþykktanna.

Breytingar, aðrar en þær sem leiddu af lögum, tóku gildi 30. júní 2010, að lokinni staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Endurskoðunarnefnd tók til starfa hjá sjóðnum í september 2009. Hún er skipuð af stjórn sjóðsins. Nefndin starfar sem samskiptaaðili milli stjórnar sjóðsins, stjórnenda hans og ytri og innri endurskoðenda í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast innra eftirliti. Þessu sinna nefndarmenn m.a. með því að fara yfir reikningssskil og helstu álitafni í reikningssskilum með stjórnendum sjóðsins við gerð ársreiknings og árshlutareikninga áður en stjórn samþykkir reikningana. Einnig með því að hafa eftirlit með að stjórn sjóðsins tryggi samkvæmt stefnu sinni og verklagsreglum að sjóðurinn hafi innleitt viðeigandi innra eftirlit sem tekur á áhættuþáttum í starfseminni og að innri eftirlitsþættir virki. Meðal annarra hlutverka má nefna að nefndin leggur fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Í endurskoðunarnefndinni eru: Þorkell Sigurlaugsson, sem er formaður nefndarinnar, Georg Páll Skúlason, en hann situr jafnframt í stjórn sjóðsins, og Örn Friðriksson.

## Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Eftir ársfund sjóðsins 27. maí 2010 skipuðu eftirtaldir stjórn hans:

**Valdir fulltrúar stéttarféлага á ársfundi:**

Georg Páll Skúlason  
Gylfi Ingvarsson  
Þorbjörn Guðmundsson, formaður

Til vara:

Hákon Hákonarson  
Kristján Örn Jónsson  
Sveinn Ingason

Skoðunarmaður:

Ólafur Axelsson

Til vara:

Hörður Runólfsson

**Skipaðir af framkvæmdastjórn**

**Samtaka atvinnulífsins:**  
Auður Hallgrímsdóttir, varaformaður  
Haraldur Þór Ólason  
Sveinbjörn Hjálmarsson

Til vara:

Guðmundur E. Hallsteinsson  
Hanna Þórunn Skúladóttir  
Ingólfur Sverrisson

Skoðunarmaður:

Guðmundur Ásgeirsson

Til vara:

Aðalsteinn Aðalsteinsson

**Löggiltur endurskoðandi:**

Theodór S. Sigurbergsson

**Innri endurskoðandi:**

Deloitte, Sif Einarsdóttir

**Endurskoðunarnefnd:**

Þorkell Sigurlaugsson, formaður  
Georg Páll Skúlason  
Örn Friðriksson

**Tryggingastærðfræðingur:**

Þjarni Guðmundsson

**Framkvæmdastjóri:**

Kristján Örn Sigurðsson

## Starfsfólk Sameinaða lífeyrissjóðsins

Árni Vignir Pálmason  
tölvunarfræðingur

Bergljót Stefánsdóttir  
skráning iðgjalda og bakvinnsla

Birna Vilhjálmsdóttir  
lífeyrismál, gjaldkeri

Björk Ingvarsdóttir  
verðbréf

Guðrún Iðunn Jónsdóttir  
skráning iðgjalda og bakvinnsla

Hjördís Björnsdóttir  
lífeyrismál

Hrefna Sigurðardóttir  
bókhalda

Kristján Örn Sigurðsson  
framkvæmdastjóri

Ólafur Haukur Jónsson  
forstöðumaður rekstrarsviðs

Óskar Magnússon  
verðbréf og séreign

Sigríður H. Einarsdóttir  
almenn móttaka, símvarsla

Sigríður Hrund Guðmundsdóttir  
forstöðumaður eignasviðs

Sigríður Snorradóttir  
gjaldkeri

Sigrún Gröndal  
skráning iðgjalda

Sigprúður Jónasdóttir  
lífeyrismál

Svanheiður Ingimundardóttir  
innheimta iðgjalda

Þórunn Svanhildur Eiðsdóttir  
innheimta iðgjalda

Trúnaðarlæknir:  
Guðjón Baldursson

# ÁRSREIKNINGUR 2010

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er í aðalatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins námu alls 3.113 millj. kr. sem er 1,7% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 5.073.

Á árinu greiddu 9.886 sjóðfélagar til tryggingadeildar sjóðsins á móti 10.550 árið áður sem er 6,3% fækkun milli ára. Lögjöld deildarinnar námu alls 4.544 millj. kr. sem er 2,6% samdráttur frá árinu áður.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 46.456 millj. kr. á árinu 2010 og vísast til ársreiknings um skiptingu fjárfestingarinnar. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 4,6% og raunávöxtun 2,0%. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 105.414 millj. kr. í lok árs og hækkaði um 6.206 millj. kr. frá árinu 2009 eða um 6,3%.

Fyrir fall bankanna var sjóðurinn í töluverðum viðskiptum við þá og fjárfesti m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum sem bankarnir höfðu gefið út. Einnig hafði sjóðurinn gert afleiðusamninga við bankana, bæði gjaldmiðla-, valréttar- og vaxtaskiptasamninga. Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf þeirra verðlaus og nokkur óvissa er enn um verðmæti þeirra skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Þá er óvissa um hvort og hvernig gera á upp afleiðusamninga við bankana. Neikvæð staða er á flestum þessara samninga og hefur sjóðurinn gert bönkunum tilboð um að samningarnir verði gerðir upp með ákveðnum hætti í tengslum við uppgjör á kröfum sem hann gerir á bankana. Nettóstaða samninganna, með áföllnum vöxtum, er samkvæmt ársreikningi sjóðsins skuld upp á 3.410 millj. kr.

Tryggingafræðileg úttekt í lok árs sýnir að eign tryggingadeildar til tryggingafræðilegs mats er 163.444 millj. kr. Heildarskuldbinding er 173.776 millj. kr. og er því skuldbinding umfram eignir 10.332 millj. kr. eða -5,9%.

Launagreiðslur til starfsmanna, stjórnar og kjörinna skoðunarmanna námu 111,2 millj. kr. á árinu. Stöðugildi voru 16 í lok árs.

Reykjavík, 28. febrúar 2011

Stjórn:

Auður Hallgrímsdóttir

Georg Páll Skúlason

Gylfi Ingvarsson

Haraldur Þór Ólason

Sveinbjörn Hjálmarsson

Þorbjörn Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Kristján Örn Sigurðsson

## Áritun óháðra endurskoðenda

### Til stjórnar og sjóðfélaga Sameinaða lífeyrissjóðsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar 1-25, kennitölur og deildaskipt yfirlit.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Í samræmi við lög um ársreikninga eru stjórnendur ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins. Þeim ber að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér öflun endurskoðunargagna er varða fjárhæðir og skýringar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðferða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringum 5, 21 og 22 með ársreikningnum þar sem greint er frá framsetningu og mati skulda tengdum framvirkum gjaldmiðlasamningum. Óvíska er um hver endanleg niðurstaða verður við uppgjör samninganna.

Reykjavík, 28. febrúar 2011  
Grant Thornton endurskoðun ehf.

Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

Guðmundur Ásgeirsson  
kjörinn skoðunarmaður

Ólafur Axelsson  
kjörinn skoðunarmaður

## Áritun tryggingastærðfræðings

Ég hef metið lífeyrisskuldbindingar Sameinaða lífeyrissjóðsins í árslok 2010. Matið er framkvæmt í samræmi við viðurkenndar reglur um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum, lög nr. 129/1997 um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerð nr. 391/1998 og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum.

Teljast skuldbindingar Tryggingadeildar 9,6% umfram eignir og 5,9% umfram eignir þegar tekið er tillit til verðmætis framtíðariðgjalda þeirra sjóðfélaga sem greiddu til sjóðsins á árinu 2010 og skuldbindinga sem ætlað er að af þeim muni stofnast. Munur á eignum sjóðsins og skuldbindingum minnkaði á árinu, einkum vegna lækkunar á áunnum réttindum.

Ákvæði l. 129/1997 gera ráð fyrir að lífeyrissjóðum sé skylt að grípa til aðgerða þegar halli eða eignir umfram skuldbindingar sem hlutfall heildarskuldbindinga reiknast 5%, eða meira fimm ár í röð, eða 10% í eitt sinn. Bráðabirgðaákvæði gildir vegna stöðumats við lok árs 2010, þar sem vikmörk eru færð í 15% miðað við eitt sinn, og 10% vegna stöðu fimm ára. Sameinaða lífeyrissjóðnum er því ekki samkvæmt lögum skylt að grípa til aðgerða vegna tryggingafræðilegrar stöðu í lok árs 2010.

Reykjavík, 24. febrúar 2011

Bjarni Guðmundsson  
tryggingastærðfræðingur

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>IÐGJÖLD</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....	6,11	1.666.169	1.714.258
Iðgjöld launagreiðenda .....	6,11	3.146.719	3.222.054
Sérstök aukaframlög .....	11	102.138	128.944
Réttindaflutningur .....	11	( 27.097 )	( 33.621 )
<b>Iðgjöld</b>		<u>4.887.929</u>	<u>5.031.635</u>
<b>LÍFEYRIR</b>			
Lífeyrir tryggingadeildar .....	9,12	3.115.666	3.063.287
Lífeyrir séreignardeildar .....	9,12	436.942	755.163
Umsjónarnefnd eftirlauna .....		( 8.107 )	( 8.925 )
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....	16	6.195	8.275
<b>Lífeyrir</b>		<u>3.550.697</u>	<u>3.817.800</u>
<b>FJÁRFESTINGARTEKJUR</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....	7	483.492	337.491
Tekjur af húseignum og lóðum .....		10.619	8.861
Vaxtatekjur og gengismunur .....	8,14	6.037.957	11.038.064
Breytingar á niðurfærslu .....	15	( 1.399.540 )	( 4.205.863 )
<b>Fjárfestingartekjur</b>		<u>5.132.528</u>	<u>7.178.554</u>
<b>FJÁRFESTINGARGJÖLD</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	10,16	133.298	132.157
<b>Fjárfestingargjöld</b>		<u>133.298</u>	<u>132.157</u>
<b>REKSTRARKOSTNAÐUR</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	16	130.711	118.901
<b>Rekstrarkostnaður</b>		<u>130.711</u>	<u>118.901</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		6.205.751	8.141.331
Sameining séreignarsparnaðarleiða .....		0	592.295
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>99.207.860</u>	<u>90.474.233</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>		<u>105.413.610</u>	<u>99.207.860</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

EIGNIR	Skýr.	2010	2009
<b>FJÁRFESTINGAR</b>			
Húseignir og lóðir .....	2,17	134.015	137.480
		<u>134.015</u>	<u>137.480</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	3,18	32.698.668	30.371.347
Verðbréf með föstum tekjum .....	3,18	55.327.047	50.799.166
Veðlán .....	3,18	16.137.670	15.422.412
Fullnustueignir .....	18	219.394	0
		<u>104.382.780</u>	<u>96.592.926</u>
	<b>Fjárfestingar</b>	<u>104.516.795</u>	<u>96.730.406</u>
<b>KRÖFUR</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....	20	597.036	615.042
Aðrar kröfur .....		4.898	299.219
	<b>Kröfur</b>	<u>601.935</u>	<u>914.261</u>
<b>AÐRAR EIGNIR</b>			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir .....	2	4.801	7.705
Sjóður og bankainnstæður .....		3.751.505	4.728.873
	<b>Aðrar eignir</b>	<u>3.756.306</u>	<u>4.736.578</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>108.875.036</u>	<u>102.381.245</u>
<b>SKULDIR</b>			
Aðrar skuldir .....	21	3.441.696	3.152.315
Áfallinn kostnaður .....		19.730	21.070
	<b>Skuldir samtals</b>	<u>3.461.426</u>	<u>3.173.385</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		<u>105.413.610</u>	<u>99.207.860</u>
Veðsetningar og skuldbindingar .....	23		

## Sjóðstreymi ársins 2010

	2010	2009
<b>INNGREIÐSLUR</b>		
